

# Upplýsingarit fyrir félagsmenn í Verkalýðsfélagi Vestfirðinga

---



## Gjaldþrot

*Hvað geri ég ef fyrirtækið sem ég vinn  
hjá verður gjaldþrota?*

---

*Við gjaldþrot fyrirtækis ber launamanni  
að snúa sér strax til þess stéttarfélags  
sem hann er aðili að*

---



*Stéttarfélagið aðstoðar og leiðbeinir launamanninn við  
að útbúa kröfu í þrotabú fyrirtækisins með aðstoð  
lögmannna félagsins.*

# *Eru starfsmenn bundnir af ráðningarsamningi við gjaldþrot?*

---

Starfsmenn eru í raun **lausir undan sínum ráðningarsamningi** um leið og atvinnurekandi hefur verið tekinn til gjaldþrotaskipta. Almennt eru þeir þannig hvorki bundnir af vinnuskyldu samkvæmt ráðningarsamningi né ákvæðum kjarasamninga um uppsagnarfresti o.s.frv.

Þegar innköllunarfrestur er liðinn fer skiptastjóri yfir kröfurnar. Oftast eru kröfur samþykkar en ef þær eru það ekki getur þurft að fara með þær fyrir dóm.

## *Forgangur krafna*

**Launakröfur njóta forgangs í þrotabú umfram aðrar kröfur við þessa úthlutun.** Staðreyndin er hins vegar oftast sú að þrotabúið er eignalaust og ekkert til skiptanna. Skiptastjóra ber samkvæmt lögum um Ábyrgðasjóð launa að senda umsögn um allar framkomnar launakröfur til Ábyrgðasjóðs launa.

Að afstöðnum skiptafundi **sendir skiptastjóri Ábyrgðasjóði launa umsögn yfir þær kröfur sem samþykktar** hafa verið sem forgangskröfur í þrotabúið.

Venjulega líða **um 3-4 mánuðir** frá gjaldþrotaúrskurði þar til umsögn skiptastjóra berst sjóðnum. Að því loknu tekur sjóðurinn að öllu jöfnu afstöðu til krafanna **innan 4 vikna.**

## Af hverju tekur svona langan tíma að fá launin mín greidd?

---



1. Kröfuhafar þurfa að krefjast **gjaldprotaskipta** hjá Héraðsdómi á grundvelli þess að sýslumaður hafi gert árangurslaust fjárnám í eignum fyrirtækisins.
2. Dómurinn sendir boðun til atvinnurekanda og tekur málið fyrir, oft 1 til 3 mánuðum eftir að það berst. Síðan er vinnuveitandi úrskurðaður gjaldproti. **Þetta ferli getur tekið 1 til 5 mánuði.**
3. Við gjaldprotiúrskurð er **skipaður skiptastjóri** í þrotabú vinnuveitenda. Þegar atvinnurekandi hefur verið úrskurðaður gjaldproti þarf skiptastjóri þrotabúsins að **auglýsa gjaldprotaskiptin**. Auglýsingin birtist í Lögbirtingablaði og **getur tekið 2-3 vikur** eftir úrskurð um gjaldprot.
4. Þegar auglýsing birtist byrjar að líða 2 mánaða **innköllunarfrestur** og á þeim tíma þarf lögmaður Verk Vest að senda launakröfu til skiptastjóra og afrit hennar til Ábyrgðasjóðs launa. **Þetta getur tekið allt að 2 mánuðum.**

# Ábyrgðarsjóður launa – ferli

---

*Ýmis gögn þurfa að fylgja kröfulýsingu launamanns í Ábyrgðarsjóð launa s.s. kröfulýsing á sérstöku eyðublaði, launaseðlar, ráðningarsamningur, upplýsingar um tekjur o.fl.*

Nú tekur við bið eftir að **Ábyrgðasjóður launa** greiði kröfurnar samkvæmt reglum sínum. Það getur tekið langan tíma, **oft 6 mánuði til 1 ár.**

Ábyrgðasjóður launa ábyrgist kröfur launamanna vegna:

- vangoldinna launa þriggja síðustu starfsmánaða,
- launa í uppsagnarfresti í allt að þrjá mánuði,
- áunnins orlofs, og
- bóta af völdum vinnuslysa.
- Sjóðurinn ábyrgist einnig kröfur lífeyrissjóða um lífeyrissjóðsiðgjöld.

Ábyrgðin takmarkast við 12% lágmarksiðgjald og allt að 4% viðbótarlífeyrissparnað samkvæmt samningi um viðbótartryggingarvernd eða kjarasamninga.

# Hámarksábyrgðir – greiðslur – skattar

## \*\* ábyrgðartímabil \*\*

---

**Hámarksábyrgð** Ábyrgðasjóðs launa vegna vangoldinna launa eða launa í uppsagnarfresti, sem falla í gjalddaga eftir 1. janúar 2009, er **kr. 374.000.-** fyrir hvern mánuð.

- Hámarksábyrgð fyrir hvern mánuð á árinu 2008 er **kr. 345.000.-**
- Hámarksábyrgð á greiðslu áunnina orlofslauna er **kr. 599.000.-**

Ábyrgðasjóði launa ber skylda til að reikna **staðgreiðslu skatta** af launakröfum og kröfum um bætur vegna launamissis í uppsagnarfresti í samræmi við lög um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Eigi launamaður **ónýttan persónuafslátt** á því ári sem afgreiðsla fer fram er hægt að nýta hann til frádráttar reiknaðri staðgreiðslu.

Kröfur sem sjóðurinn greiðir **bera vexti**, sbr. lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Vextirnir reiknast frá gjalddaga krafanna til þess dags sem þær eru greiddar.


Ábyrgð sjóðsins nær til krafna sem hafa **gjaldfallið á síðustu 18 mánuðum** fyrir gjaldþrotáurskurð vinnuveitenda eða réttur hefur unnist til þeirra á því tímabili.

Í sérstökum undantekningartilvikum er sjóðnum heimilt að ábyrgjast kröfur sem gjaldfallið hafa utan ábyrgðartímabils að því tilskildu að eðlilega hafi verið staðið að innheimtu þeirra. Beiting þessarar heimildar skal **þó ekki hafa** í för með sér að ábyrgðartímabil verði lengra en **18 mánuðir**.

***Sé gerð launakrafa áður en vinnuveitandi verður gjaldþrota þarf að fara út í eftirfarandi aðgerðir hjá lögmönnum Verk Vest.:***

---

1. Reikna þarf út launakröfu og senda **innheimtubréf** og **ítrekunarbréf** til vinnuveitanda. **Getur tekið 2 vikur til 1 mánuð.**
2. **Stefna** þarf vinnuveitandanum fyrir dóm og bíða eftir dómi ef tekið er til varna í málinu en ella áritaðri stefnu ef það er ekki gert. **Þetta getur tekið 2 til 18 mánuði.**
3. 15 dögum eftir að dómur er upp kveðinn eða árituð stefna fæst send má krefjast **fjárnáms** hjá vinnuveitanda. Ef fjárnámi lýkur með árangri þarf að fara fram á nauðungarsölu en það er sjaldgæft í vinnulaunamálum og því verður ekki farið frekar yfir það hér. Algengara er að fjárnámi sé lokið án árangurs. **Þetta ferli getur tekið ca. 2 til 4 mánuði.**



# Pólgata 2 á Ísafirði

---



Opnunartími skrifstofu er  
frá kl. 08:00 – 16:00 alla virka daga.

---

**Sími: 4565190**

**Fax: 4563113**

**Netfang: [postur@verkvest.is](mailto:postur@verkvest.is)**

**Heimasíða: [www.verkvest.is](http://www.verkvest.is)**